

Breytingin er á reit 1.193, sem markast af Snorrabraut, Egilsgötu, Barónsstíg og Bergþórugötu og er fólgin í því að almennt útvistar- og stofnanasvæði verður stofnanasvæði, athafnasvæði verður íbúðar- og athafnasvæði og verslunar- og þjónustusvæði verður íbúðar- og athafnasvæði.

Borgarsjóður Reykjavíkur tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 25. maí 1993.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

VIÐAUKI

við reglugerð nr. 304, 14. ágúst 1992, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum.

1. gr.

Prátt fyrir ákvæði 2. gr. er ekki skylt til 1. júní 1994 að nýta um borð í skipum, er ekki teljast til eldri fullvinnsluskipa, sbr. 10. gr., eftirfarandi fiskúrgang: Innyfli að hrognum undanskildum, roð og úrgang, sem fellur til við vinnslu á karfa og grálúðu.

2. gr.

Viðauki þessi er settur samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1993.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að